

N1 hf.  
b.t. Margrétar Guðmundsdóttur, stjórnarformanns  
Dalvegi 10-14  
201 Kópavogur

Reykjavík 27. mars 2014

Ég tilkynni þér hér með að ég hef ákveðið að draga til baka framboð mitt til stjórnar N1 hf., sem til stendur að kjósa á aðalfundi félagsins síðar í dag.

Ástæður þessa eru þér kunnar, nefnilega að Kauphöllin tilkynnti félaginu fyrir tveimur dögum að stofnunin hefði efasemdir um hæfi mitt til að gegna stjórnarstörfum í skráðu félagi. Í bréfi kauphallarinnar til félagsins kom jafnframt fram að verði ég kjörinn í stjórn muni kauphöllin íhuga ráðstafanir til að koma þessum efasemdum sínum á framfæri við markaðsaðila, eða eftir atvikum, sett bréf félagsins á athugunarlista. Í ljósi þessa, og með hagsmuni N1 að leiðarljósi, hef ég ákveðið að draga framboð mitt til baka.

Það er hins vegar langt frá því að ég sé sáttur við afstöðu og framgöngu kauphallarinnar í þessu máli. Það er mat mitt og lögmanna minna að kauphöllin hafi hvorki lagalega- né samningsbundna heimild til að beita sér á þann hátt sem hún hefur nú gert gagnvart félaginu og mér. Ég hef sent kauphöllinni bréf þar sem ég fer yfir sjónarmið mín og tel ég rétt að halda þeim til haga í þessu bréfi. Athugasemdir mínar við afstöðu kauphallarinnar eru einkum þrenns konar:

### **1. Hæfi mitt til setu í stjórn skráðs félags er ótvírætt skv. lögum**

Ég tel hafið yfir allan vafa að ég fullnægi öllum skilyrðum laga til að vera stjórnarmaður í bæði skráðum og óskráðum félögum. Um almennt hæfi stjórnarmanna er fjallað í lögum um hlutafélög en þar segir um almennt hæfi að þeir skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Það liggur fyrir að ég er með hreint sakarvottorð og hef aldrei hlotið dóm fyrir refsiverða háttsemi. Samkvæmt því er ótvírætt að ég er hæfur samkvæmt lögum til setu í stjórn hlutafélaga, hvort sem þau eru skráð eða óskráð. Þá liggur fyrir að ég fullnægi almennu hæfisskilyrði í reglum kauphallarinnar. Í því ákvæði er að finna ákvæði um hæfni og reynslu stjórnarmanna í félögum sem hafa fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Af hálfu kauphallarinnar hefur því ekki verið haldið fram að ég fullnægi ekki skilyrðum þessa ákvæðis enda blasir við af skýringum sem fylgja með ákvæðinu í reglunum að ég fullnægi þeim skilyrðum sem þar eru gerðar til stjórnarmanna um almenna reynslu og þekkingu þeirra.

### **2. Tilgreind ákvæði eiga ekki við þau tilvik sem um ræðir**

Ég hef mótmælt þeirri afstöðu kauphallarinnar að ákvæði greinar 1.1.18 í reglum kauphallarinnar um almennt hæfi útgefanda hlutabréfa geti átt við um þær aðstæður sem hér um ræðir. Greinin fjallar um heimild kauphallarinnar til að hafna töku hlutabréfa til viðskipta, sé það mat kauphallarinnar að taka hlutabréfanna til viðskipta „sé skaðleg verðbréfamarkaðnum eða hagsmunum fjárfesta þótt öllum skilyrðum fyrir töku hlutabréfa sé fullnægt.“ Ekki hefur verið vísað til annarra ákvæða í reglum kauphallarinnar eða ákvæða í lögum sem geta valdið efasemdum um hæfi mitt. Í þessu samhengi hefur Kauphöllin vísað til þess að ég hafi borið stjórnunarlega ábyrgð á FL Group/Stoðum hf. á tímabili þegar félagið hafi gerst brotlegt við reglur kauphallarinnar. Er þar vísað til þriggja áminninga sem kauphöllin veitti FL Group hf./Stoðum hf. á þeim tíma sem ég var forstjóri félagsins. Þessar áminningar gefi kauphöllinni tilefni til að efast um hæfi mitt til að sitja í stjórn skráðs félags.

Nauðsynlegt er að skoða eðli þessara þriggja tilvika sem kauphöllin vísar til. Fyrri tilvikin tvö varða atvik sem áttu sér stað fyrir um það bil 6 árum síðan. Var þar annars vegar um að ræða atriði sem lúta að skráningu nýrra hluta í kjölfar hlutafjárhækkunar sem fór fram í desember árið 2007 og hins vegar hvenær upplýsingaskylda hefði orðið virk gagnvart markaðnum vegna sölu á eignarhlutum félagsins í Commerzbank í janúar 2008. Síðasta tilvikið varðar svo birtingu ársreiknings FL Group/Stoða fyrir árið 2008, en áminning kauphallar vegna þess tilviks var birt fyrir rétt tæplega 5 árum, í maí 2009.

Það liggur fyrir að ágreiningur var um það milli FL Group/Stoða og kauphallarinnar á sínum tíma hvort félagið hefði gerst brotlegt við reglur kauphallarinnar vegna framangreindra mála. Um fyrri málin tvö áttu sér stað umfangsmikil bréfaskipti milli kauphallarinnar og félagsins þar sem skoðanaskipti fóru fram um hvort reglur kauphallarinnar hefðu verið brotnar. Félagið mótmælti því að svo hefði verið og taldi sig hafa farið að lögum og reglum, en kauphöllin tók athugasemdir félagsins ekki til greina. Engir eftirmálar urðu vegna þessara mála af hálfu opinberra eftirlitsaðila.

Um síðasta tilvikið sem varðar birtingu ársreiknings vegna ársins 2008 hefur það verið útskýrt fyrir kauphöllinni að FL Group fór, eins og fjölmörg önnur félög á þessum tíma, í greiðslustöðvun í september 2008 og leitaði í kjölfarið nauðasamninga. Óvissan var slík hjá félaginu á fyrri hluta árs 2009 að það var einfaldlega ógerlegt að birta ársreikning fyrir lok apríl árið 2009, eins og reglur kauphallarinnar gerðu ráð fyrir. Sama gilti um flest önnur íslensk fjárfestinga- og fjármálafyrirtæki á sama tíma. Hvort reikningurinn var birtur á þessum tíma eða ekki hafði í raun litla þýðingu fyrir markaðsaðila, enda var enginn markaður fyrir bréf FL Group/Stoða á þessum tíma, og framtíð félagsins í fullkominni óvissu. Hlutabréf félagsins höfðu verið afskráð úr kauphöllinni í maí 2008 og skuldabréfin voru afskráð í júlí árið 2009 í kjölfar uppgreiðslu skv. nauðasamningum Stoða. Það liggur jafnframt fyrir að fjölmargir aðilar gátu ekki birt ársreikninga vegna ársins 2008 innan tilsettra tímamarka, vegna bankahrunsins. Ekki fæst séð af tilkynningum kauphallarinnar að þeir hafi allir sætt áminningu kauphallarinnar.

Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að ágreiningur var milli félagsins og kauphallarinnar um hvort brotið hefði verið gegn reglum hennar, en um síðasta tilvikið liggur fyrir að mjög sérstakar aðstæður réðu því að félagið gat ekki birt ársreikning innan tilsettra tímamarka. Ég hef því mótmælt því harðlega að eitthvað af þessum málum séu þannig vaxin að hægt sé að fella þau undir grein 1.1.18.

### **3. Umrædd mál orðin 5-6 ára gömul**

Ég hef bent á að öll þau mál sem kauphöllin hefur vísað til eru orðin mjög gömul. Fyrri málin tvö eru orðin um það bil 6 ára gömul en það vantar tvo mánuði uppá að það síðasta sé orðið 5 ára gamalt. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að einstaklingar sem hafa hlotið dóm fyrir refsiverða háttsemi fyrir meira en 3 árum séu engu að síður hæfir stjórnarmenn. Löggjafinn hefur þannig tekið af skarið um að jafnvel þótt aðili hafi gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga í tengslum við atvinnurekstur, sé hann hæfur stjórnarmaður ef liðin eru meira en 3 ár frá því hann hlaut dóm. Nær ákvæðið bæði til skráðra og óskráðra félaga.

Það skýtur skökku við að kauphöllin ætli að leggja til grundvallar í afgreiðslu sinna mála að það sé réttlætanlegt að áminning kauphallarinnar sem er orðin nánast 5 ára gömul, og í tveimur tilvikum 6 ára gömul, geti leitt til þess að vafi leiki um hæfi einstaklings til að sitja í stjórn skráðs hlutafélags. Það sem er sérstaklega alvarlegt við þessa afstöðu kauphallarinnar er sú staðreynd að ekkert er að þessu vikið í reglum kauphallarinnar, hvorki í reglum sjálfum né skýringum með þeim. Þar er ekki að finna nein tímamörk um þetta og mega markaðsaðilar því að fyrri bragði ganga útfrá því að kauphöllin gangi ekki lengra en

löggjafinn hefur gert um brot sem eru svo alvarleg að menn hafa verið ákærðir opinberlega og hlotið refsisdóm fyrir. Það fær vart staðist að kauphöllin gangi lengra en löggjafinn hefur gert hvað þetta varðar, vegna umdeilda áminninga sem eru þar að auki augljóslega langt frá því að vera jafn alvarleg og þau tilvik sem fyrrgreint ákvæði hlutafélagalaga tilgreinir.

Það er skemmst frá því að segja að ég hef komið þessum sjónarmiðum og öðrum á framfæri við kauphöllina en hún hefur neitað að taka þau til skoðunar þar sem málið snúi eingöngu að samskiptum hennar og N1. Sú afstaða vekur furðu þar sem málið varðar mína persónu.

Mér finnst miður að þurfa að draga framboð mitt til stjórnar í N1 til baka og bið ég hluthafa N1 afsökunar á þessum óþægindum. Ég bauð mig fram til stjórnarsetu af því að ég hef áhuga á framgangi félagsins og taldi reynslu mína geta nýst félaginu vel. En eins og áður sagði, í ljósi afstöðu kauphallarinnar og að teknu tilliti til hagsmuna félagsins og hluthafa þess, tel ég rétt að láta staðar numið og dreg því framboð mitt til stjórnar félagsins til baka.

Virðingarfyllt,

Jón Sigurðsson